



## Alþýðusamband Íslands

### Heiðarleg vinnubrögð eða heilapvottur?

Í viðtali sem birtist í Morgunblaðinu þann 25. október sl. hefur formaður Framsýnar-stéttarfélags Aðalsteinn Á. Baldursson uppi stór orð um þá umræðu sem farið hefur fram innan Alþýðusambandsins um Evrópumál.

Orðrétt segir hann:

*Ég hef líka gert athugasemd varðandi þann gríðarlega heilapvott sem á sér stað innan verkalýðshreyfingarinnar varðandi Evrópusambandið. Ég hef verið fylgjandi því að menn skoðuðu málin og reyndu að meta og kosti og galla við Evrópusambandsaðild. En forvígismenn innan hreyfingarinnar hafa viljað keyra á því máli án umræðu um gallana og vilja Ísland nánast skilyrðislaust inn í sambandið. Þetta er lýsandi dæmi um þau vinnubrögð sem viðhöfð eru í verkalýðshreyfingunni.*

Í ljósi þessara ummæla teljum við undirrituð rétt að rifja lauslega upp helstu staðreyndir á bak við umræðuna um Evrópusambandið innan ASÍ síðastliðið ár.

### Ársfundur ASÍ 2008

Á ársfundi Alþýðusambands Íslands í október 2008 var samþykkt ályktun, sem efnislega fól í sér að eina færa leiðin til að koma á efnahagslegum stöðugleika í landinu væri að sækja um aðild að Evrópusambandinu og taka upp evru sem gjaldmiðil. Þessi ályktun var samþykkt nær einróma, einungis 6 af um 290 fundarmönnum greiddu atkvæði gegn tillögunni, nokkrir sátu hjá. Í framhaldi af þessari samþykkt fékk atvinnumálanefnd ASÍ það hlutverk að skilgreina hver ættu að vera samningsmarkmið Íslendinga í viðræðum við ESB út frá sjónarhóli launafólks, þá sérstaklega á sviði sjávarútvegs-, landbúnaðar- og byggðamála.

### Opnir umræðufundir atvinnumálanefndar

Í upphafi árs 2009 stóð atvinnumálanefndin fyrir fundum um Evrópusambandsaðild. Þeir voru um sjávarútvegsmál 22. janúar, landbúnaðarmál 29. janúar og síðan byggðamál 12. febrúar. Forystufólk aðildarsamtaka ASÍ var sérstaklega hvatt til að mæta á fundina. Nefndin fékk fólk með ólík sjónarmið til að halda framsögur og síðan fóru fram umræður með þátttöku framsögumanna og fundargesta.

Meðal frummælenda voru Friðrik Jón Arngrímsson framkvæmdastjóri LÍÚ, Erna Bjarnadóttir hagfræðingur Bændasamtakanna, Aðalsteinn Leifsson lektor í HR, Sigurður Jóhannesson frá Hagfræðistofnun HÍ, Eva Heiða Önnudóttir stundakennari við Háskólann að Bifröst, Martin Eyjólfsson sviðstjóri úr utanríkisráðuneytinu, Ævar Rafn Björnsson úr utanríkisráðuneytinu, Hermann Sæmundsson skrifstofustjóri sveitastjórnarmála í samgöngumálaráðuneytinu, Reinhard Reynisson framkvæmdastjóri Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga, Róbert Ragnarsson bæjarstjóri Vogum og Anna G. Björnsdóttir sviðsstjóri þróunar- og alþjóðasviðs Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Á fundunum gafst kostur á að fara yfir kosti og galla aðildar, hagsmunasamtökum gafst kostur á að koma að álitamálu og vekja athygli á ógnunum og tækifærum. Forystufólki innan ASÍ gafst kostur á að koma fram með fyrirspurnir til framsögumanna og koma á framfæri eigin skoðunum á málum og vekja athygli á sjónarmiðum sinna samtaka. Skrifaðar voru mjög ítarlegar fundargerðir á hverjum þessara funda og flest erindin voru afhent á útprentuðum glærum eða send til ASÍ og voru aðgengileg á vef sambandsins.

### **Aukaársfundur ASÍ 2009**

Að þessari fundasýrpu lokinni var allt þetta efni tekið saman og atvinnumálanefndin ásamt starfsmanni hennar, skiluðu verkefni sínu af sér með tillögum að skilgreindum samningsmarkmiðum vegna hugsanlegra aðildarviðræðna við ESB, til aukaársfundar sem haldin var 25. mars 2009. Þar var fjallað um málið og vinna nefndarinnar fékk góða umfjöllun á fundinum. Vissulega var andstaðan eitthvað meiri en á fundinum í október 2008 en tillögurnar voru þó samþykktar með yfirgnæfandi meirihluta eins og áður.

Nú má vera að hugmyndir manna um lýðræðisleg og fagleg vinnubrögð séu mismunandi, en að okkar mati og margra annarra vann atvinnumálanefndin starf sitt af mikilli samviskusemi og eins heiðarlega og frekast var unnt. Auðvitað má alltaf reyna að gera betur en við mótmælum þeirri fullyrðingu að stundaður sé heilapvottur af ASÍ þegar kemur að stefnumótun í þessum málaflokki eða öðrum.

Signý Jóhannesdóttir, formaður atvinnumálanefndar ASÍ

Stefán Úlfarsson, starfsmaður atvinnumálanefndar ASÍ